



Stjórn SSH 352. fundur

Mánudaginn 16. ágúst 2010 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Guðrún Pálsdóttir, Guðrún Guðmundsdóttir, Pálmi Másson, Jón Gnarr og Guðný G. Ívarsdóttir
Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.
Ennfremur sat fundinn aðstoðarmaður borgarstjóra, S. Björn Blöndal

Formaður bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Síðan var gengið til dagskrár.

Þetta gerðist:

1. Skíðasvæðin - snjóframleiðsla

Fyrir lá erindi stjórnar skíðasvæðanna dags. 11. júní 2010 þar sem lagt er til við aðildarsveitarfélögin að hefja sem fyrst framkvæmdir vegna snjóframleiðslu í Bláfjöllum.

Sömmuleiðis lá fyrir minnisblað framkvæmdastjóra SSH vegna málsins, m.a. um stöðu deiliskipulagsvinnu í Bláfjöllum, umsögn Heilbrigðiseftirlits um deiliskipulagstillöguna m.t.t. áhrifa snjóframleiðslunnar á vatnsverndarsvæði og minnisblað með mati á möguleikum til snjóframleiðslu m.t.t. veðurfars í Bláfjöllum.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að boðað verði til fundar sem fyrst með þeim aðilum sem þurfa að koma að máli til frekari yfirferðar og skipulagningar á næstu skrefum, sem felast í að leysa úr þeim þáttum sem nefndir eru hér að framan. Eðlilegt er að kallað verði í forstöðumann heilbrigðiseftirlits, skipulagsyfirvöld í Kópavogi, forsvarsmenn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og þá ráðgjafa sem unnu fyrirbyggjandi áætlanir um snjóframleiðsluna.

2. Tilfærsla á þjónustu við fatlaða

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna vinnu samráðshóps SSH við undirbúning að tilfærslu á þjónustu við fatlaða um nk. áramót og gerð samstarfssamnings milli aðildarsveitarfélaganna um þá þætti sem kalla á samvinnu sveitarfélaganna í máli.

Umræður



Niðurstaða:

Samþykkt að leitað verði til Sigurðar Helgasonar hjá Stjórnháttum ehf. til að vinna með samstarfshópnum að samningsgerðinni, samhliða því sem fjármálastjórar sveitarfélaganna og eftir atvikum lögfræðilegir ráðgjafar þeirra komi að máli.

3. Skógræktarfélag Íslands – Græni stígurinn.

Málið var áður á dagskrá á 348. stjórnarfundum 24. mars 2010.

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra vegna viðræðna við Skógræktarfélag Íslands um samstarf aðila við mótun og undirbúning að gerð Græna stígsins, og uppgjör áfallins kostnaðar.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að SSH greiði Skógræktarfélagi Íslands 1 milljón króna á móti áföllnum verkefnakostnaði og að unnið verði að gerð samnings á þessum nótum sem lagður verði fyrir aðila í október nk.

4. Önnur mál.

a) Árshlutauppgjör SSH pr. 30.06.2010

Fyrir á óendurskoðað árshlutauppgjör SSH pr. 30.06.2010

b) Niðurstaða Skólamálanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi . kostnaðarþátttöku v. utansveitarnemenda í grunnskólum, sbr. samþykkt stjórnar SSH á 349. fundi. Þar kemur fram að nefndin treystir sér ekki til að gera þær breytingar á reglum um útreikning á viðmiðunargjaldi sem stjórn SSH lagði til.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur eðlilegt og einsýnt, í ljósi niðurstöði Skólamálanefndar, að leysa verði málið með beinum samningum á milli viðkomandi skóla og einstakra sveitarfélaga.

c) Fyrirkomulag og framkvæmd „aðalskoðunar“ og úttekta á öryggismálum á leikvöllum.

Fyrir lá erindi frá Mosfellsbæ vegna málsins. H.Sv. fór yfir málið og fyrirbyggjandi gögn.

Umræður

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra falið að kanna með viðræðum við Umhverfisstofnun o.fl. hvort hægt er að ná fram breytingum á núverandi fyrirkomulagi.